



ICELANDAIR GROUP HF.
HLUTHAFAFUNDUR | 30. NÓVEMBER 2018

Setning hluthafafundar Icelandair Group

Úlfar Steindórsson, stjórnarformaður

Kjör fundarstjóra og fundarritara

Dagskrá

1. Að hluthafafundur samþykki kaup félagsins á 100% hlutafjár í WOW air.
2. Tillaga um heimild til stjórnar um hlutafjárhækkun vegna greiðslu samkvæmt kaupsamningi.
3. Tillaga um heimild til stjórnar um hlutafjárhækkun.

Dagskrá

1. Að hluthafafundur samþykki kaup félagsins á 100% hlutafjár í WOW air.
2. Tillaga um heimild til stjórnar um hlutafjárhækkun vegna greiðslu samkvæmt kaupsamningi.
3. Tillaga um heimild til stjórnar um hlutafjárhækkun.

Bogi Nils Bogason

STARFANDI FORSTJÓRI ICELANDAIR GROUP



Yfirlit yfir kaupsamning á WOW air

Kaupsamningurinn

- | Þann 5. nóvember 2018 gerðu Icelandair Group og Títan fjárfestingafélag með sér kaupsamning um kaup á öllu hlutafé í WOW air
- | Kaupsamningurinn var háður ýmsum fyrirvörum og skilyrðum sem þurfti að uppfylla fyrir uppgjör samkvæmt samningnum
- | Áætlað kaupverð átti að greiðast með tveimur greiðslum, víkjandi skuldabréfi og gagngjaldi sem ákvarðað yrði út frá niðurstöðum áreiðanleikakönnunar

Ákvörðun kaupverðs

Fjöldi útgefinna hluta í Icelandair (fyrir greiðslu)	5.000.000.000
Greiðsla 1 (breytileg): Grunnmat gerði ráð fyrir 178.066.520 hlutum í Icelandair	3,5% (0-4,8%)
Aðlögun kaupverðs (hámark 240.630.432 hlutir)	
Grunnmat á sjóðstreymi WOW air til loka maí 2019	Trúnaðarmál
Ef sjóðstreymi væri síðra samkvæmt áreiðanleikakönnun	Færri hlutir
Ef sjóðstreymi væri betra samkvæmt áreiðanleikakönnun	Fleiri hlutir
Greiðsla 2 (föst): 94.275.347 hlutir í Icelandair	1,8% af útgefnum hlutum

Forsendur kaupsamnings

Helstu forsendur kaupsamnings



Samkomulag við leigusala WOW air



Staðfesting á að forgangsréttur flugmanna eigi ekki við um flugmenn WOW air



Samkomulag við skuldabréfaeigendur WOW air



Fyrirvari um niðurstöðu áreiðanleikakannana



Samþykki Samkeppniseftirlitsins



Samþykki hluthafafundar Icelandair Group



Staða

Viðræður voru ekki leiddar til lykta



Viðræður voru ekki leiddar til lykta



Viðræður voru ekki leiddar til lykta



Fyrstu niðurstöður gáfu til kynna meiri fjárförf en gert var ráð fyrir auk annarra atriða



Á ekki við



Sameiginleg niðurstaða aðila var að falla frá kaupunum

Möguleg samlegðaráhrif meginástæða kaupanna

1 Leiðakerfi

Sambætting leiðakerfa

2 Flugrekstur

Flugvallarþjónusta
Umsjón flugflota
Viðhald

3 Stjórnun og markaðsmál

Minni yfirbygging
Sameiginleg sölu- og
markaðsstarfsemi

Fjárhagslegar forsendur:

1. Fjárpörf til að gera félagið sjálfbært
2. Áætlað fjárstreymi WOW air
3. Áætlaður einskiptiskostnaður við að ná fram samlegð

Áreiðanleikakönnun og greiningar

Frummat	Áreiðanleika- könnun	Rekstrar- og vörumerkjagreining	Sjóðstreymis- áætlun	Greining Icelandair
Gerð var viðskiptaáætlun fyrir sameinað félag Kaupsamningur gerður út frá forsendum viðskiptaáætlunar	Deloitte og Logos framkvæmdu áreiðanleikakönnun á WOW air	Seabury, sérhæfður flugrekstrarráðgjafi, útbjó viðskiptaáætlun Kunde & Co framkvæmdu vörumerkja- greiningu	Íslandsbanki framkvæmdu sjóðstreymis- greiningu byggða á viðskiptaáætlun sameinaðra félaga	Icelandair framkvæmdu greiningu á flota, leiðakerfi og á mögulegum samlegðaráhrifum

Greiningar og áreiðanleikakannanir leiddu í ljós að viðskiptin stóðust ekki þær forsendur sem gerðar voru við undirritun kaupsamningsins

Dagskrá


1. Að hluthafafundur samþykki kaup félagsins á 100% hlutafjár í WOW air.
2. Tillaga um heimild til stjórnar um hlutafjárhækkun vegna greiðslu samkvæmt kaupsamningi.
3. **Tillaga um heimild til stjórnar um hlutafjárhækkun.**

Tækifæri til innri vaxtar



Icelandair áætlað að auka tíðni á flugum til stærri áfangastaða og stækka leiðakerfi félagsins árið 2019

Leiðakerfi



Auka flug til stærri áfangastaða

| Allt að 10 áfangastaðir í skoðun



Bæta nýtingu á núverandi áfangastöðum



Stækkun á leiðakerfi


| Fjölgun áfangastaða í skoðun

| Í skoðun að bæta við sumarleyfis-áfangastöðum


Möguleiki að auka framboð um allt að 35%¹⁾



Áætlaður floti 2019



Möguleg framboðsaukning 2019




- | Áætlað er að vélum verði fjölgað um þrjár árið 2019
- | Mikil tækifæri fyrir innri vöxt til skemmri tíma með samræmdum flota Boeing véla
- | Innleiðing tveggja nýrra tengibanka á árinu 2019 eykur möguleika á bættri nýtingu flotans
 - | Jafngildir framboðsaukningu 4-5 véla
- | Mögulegt að auka framboð með því að leigja vélar með stuttum fyrirvara frá leigusölum
- | Tækifæri til að semja við flugmenn um viðauka við kjarasamning sem gildir á ákveðnum vélum á nýjum mörkuðum
- | Icelandair getur aukið fjölda ferðamanna til Íslands um 350 þúsund á árinu 2019, ef gert er ráð fyrir óbreyttri samsetningu farþega

1) Sæta fjöldi

Fjöldi ferðamanna til Íslands


Fjöldi ferðamanna um Keflavíkurflugvöll: 2015-2018 | Þúsund

Hlutdeild flugfélaga 2018



1) Áætlun Icelandair

Betri nýting flota með tengingu lengri N-Ameríku flugferða við tengibanka 2



Tækifæri til innri vaxtar í hnotskurn



Hægt er að ná fram umtalsverðum innri vexti í núverandi starfsemi án verulegrar fjárfestingar



Breytingar á leiðakerfi, lenging líftíma núverandi flota ásamt kaupum á nýjum vélum skapar grundvöll fyrir innri vöxt



Að auki er til staðar tækifæri til að breyta samsetningu þeirra farþega sem félagið flytur og auka fjölda ferðamanna sem sækir Ísland heim

Hlutfjárútboð



Tvískipt hlutafjárútboð á allt að 625 milljón hlutum

Lokað útboð

Útgefnir hlutir að
hámarki 499 milljónir að
nafnvirði

- Desember 2018 -

- | Hlutir verða seldir á fyrirfram ákveðnu verði, ákvarðað af stjórn a.m.k. 3 dögum fyrir útboð
- | Réttur til þátttöku í útboði er einskorðaður við hluthafa á þeim degi sem útboðsverð er ákveðið
- | Lágmarksáskrift er EUR 100.000
- | Fyrirhugað útboð verður haldið eigi síðar en 14. desember 2018

Almennt útboð

Útgefnir hlutir að
lágmarki 126 milljónir
að nafnvirði

- Mars 2019 -

- | Hluthöfum býðst að taka þátt í útboðinu miðað við sama hluthafalista og í desember að undanskildum þeim sem fengu úthlutað í fyrra útboði
- | Hlutir seldir að hámarki á sama verði og í desember
- | Útgefnir hlutir munu að lágmarki nema 126 milljónum, við bætast óseldir hlutir úr lokaða útboðinu ef einhverjir eru
- | Fyrirhugað útboð verður haldið í mars 2019



- | Íslandsbanki og Landsbanki eru umsjónaraðilar útboðanna

Tímasetning útboða

Hlutfjárútboð 1 Hlutfjárútboð 2

Helstu dagsetningar		Desember	Mars	Unnið er að áætlun um þróun leiðakerfis og flugvélaflota fyrir árið 2019 Lykiltölur verða gerðar aðgengilegar í fjárfestakynningu fyrir hlutfjárútboðið í desember Útboðsgengi verður ákveðið a.m.k. 3 dögum fyrir hlutfjárútboð
	Fjárfestakynning send út	10.	-	
	Fundir með hluthöfum	10-13.	-	
	Hlutfjárútboð	14.	Vika 10-11	

Stefnt er að útboði á ofangreindum dagsetningum en endanleg tímalína getur tekið breytingum

Sterkur efnahagsreikningur

Efnahagsreikningur | USD milljónir

	30.09.2018 Fyrir Hlutfjárhækkun	30.09.2018 Pro Forma vegna Hlutfjárhækkunar
Eignir		
Rekstarfjármunir	674	674
Aðrir fastafjármunir	276	276
Fastafjármunir	950	950
Aðrir veltufjármunir	473	473
Handbært fé	175	230
Veltufjármunir	649	704
Eignir samtals	1,598	1,653
Eigið fé og skuldir		
Hlutfé	39	44
Yfirverðsreikningur hlutfjár	134	184
Annað eigið fé	403	403
Eigið fé	575	630
<i>Eiginfjárlutfall</i>	36%	38%
Skráð skuldabréf	214	214
Aðrar skuldir	809	809
Skuldir samtals	1,023	1,023
Eigið fé og skuldir samtals	1,598	1,653

Vænt sjóðstreymi Icelandair | USD milljónir

- 175** Handbært fé í lok þriðja ársfjórðungs 2018
- 200** Fjármögnun flugvéla og fyrirframgreiðslna áætluð í desember 2018
- 50¹⁾** Hlutfjárútboð í desember 2018 og mars 2019
- 76²⁾** Icelandair Hotels eru í söluferli sem áætlað er að ljúka í lok fyrsta ársfjórðungs 2019
- ~ Möguleg fyrirframgreiðsla á hluta af óveðtryggðum skuldabréfaflokkum
- ~ Vænt neikvætt sjóðstreymi frá fjórða ársfjórðungi 2018
- ~ Fjárfestingar árið 2019 – Innifela kaup á 6 Boeing 737 MAX að markaðsvirði yfir USD 300m

Viðræður við skuldabréfaeigendur skráðra óveðtryggðra skuldabréfa standa yfir

| Tillaga verður lögð fram þann 30. nóvember 2018

1) Miðað við núverandi markaðsvirði. USD/ISK 125

2) Bókfært virði eigin fjár

Tillaga stjórnar

Lagt er til að stjórn verði veitt heimild til að hækka hlutafé félagsins til að geta nýtt innri vaxtartækifæri og styrkja fjárhagsstöðu félagsins

- Stefna Icelandair er að hafa sterka eiginfjár- og lausafjárstöðu til að vera vel í stakk búið að grípa þau tækifæri sem felast í breyttum markaðsaðstæðum
- Áætlun um innri vöxt felur í sér umtalsvert minni áhættu en kaupin á WOW air hefðu gert
- Áhersla lögð á kjarnastarfsemi félagsins fremur en flókna endurskipulagningu og tímafrekt samþættingarferli
- Samþjöppun og hagræðing á markaðssvæði félagsins mun leiða til heilbrigðara rekstrarumhverfis - 20 flugfélög í Evrópu hafa horfið af markaði síðan 2010

Heimild til stjórnar um hlutafjárhækkun

Lagt er til að eftirfarandi ákvæði verði tekið upp sem grein 15.2 í samþykktum félagsins:

„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 625.000.000,- að nafnverði (krónur sex hundruð tuttugu og fimm milljónir) í því skyni að styrkja fjárhagslega getu félagsins til vaxtar. Stjórn skal ákvarða útboðsgengi og greiðslukjör hinna nýju hluta. Stefnt skal að því að hlutirnir, að hluta eða öllu leyti, verði boðnir þeim aðilum til kaups sem eru hluthafar í félaginu í dagslok þann dag sem útboðsgengið er ákveðið. Hlutirnir skulu boðnir til kaups með eftirfarandi hætti:

Heimild til stjórnar um hlutafjárhækkun

- a) *Hluthöfum, og eftir atvikum öðrum, skal boðið að skrá sig fyrir nýjum hlutum að nafnverði allt að kr. 499.000.000 (fjögurhundruð níutíu og níu milljónir) í lokuðu hlutafjárútboði. Skulu áskriftir háðar því skilyrði að hver einstakur áskrifandi kaupi hlutafé fyrir að jafnvirði minnst 100.000 evrur. Skulu hinir nýju hlutir seldir á föstu gengi sem stjórn ákveður í síðasta lagi þremur dögum fyrir útboðsdag og skal greiða fyrir hlutina í reiðufé. Stjórn félagsins skal ákveða upphaf áskriftartímabils, en áskriftum að nýjum hlutum skal lokið fyrir 14. desember 2018 og skal áskriftarverðið innt af hendi eigi síðar en 31. desember 2018. Þátttaka í útboðinu útilokar hluthafa frá þátttöku í almennu útboði samkvæmt staflíð b þessarar greinar nema að því marki sem ekki berast fullnægjandi áskriftir í því útboði. Réttur hluthafa til forgangs að þessum hluta hlutafjárauðkningarinnar skv. hlutafélagalögum og samþykktum skal ekki eiga við, sbr. heimild í 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.*

Stjórn félagsins skal falið að ákveða nánari skilmála, úthlutun hinna nýju hluta og framkvæmd útboðsins. Áskriftir sem leiða til greiðslu kaupverðs sem nemur lægri fjárhæð en jafnvirði 100.000 evra í krónum skulu vera ógildar. Kostnaður félagsins vegna hlutfjárhækkunarinnar og skráningar hennar er áætlaður kr. 100.000.000 kr. Kostnaður vegna hins lokaða útboðs verður greiddur samkvæmt reikningi.

Heimild til stjórnar um hlutafjárhækkun

b) *Hluthöfum, og eftir atvikum öðrum, skal boðið að skrá sig fyrir nýjum hlutum að nafnverði allt að kr. 126.000.000 (hundrað tuttugu og sex milljónir) í almennu hlutafjárútboði, að teknu tilliti til niðurstöðunnar í lokaða útboðinu samkvæmt staflið a, þannig að ef ekki berast áskriftir fyrir allri fjárhæðinni í lokaða útboðinu skal heimild stjórnar samkvæmt þessum staflið b hækka samsvarandi. Hluthafar skulu hafa forgang að þessum hluta hlutafjárauðningarinnar skv. hlutafélagalögum og samþykktum félagsins, þó þannig að hlutahafar sem taka þátt í lokaða útboðinu samkvæmt staflið a skulu teljast hafa fallið frá forgangsrétti sínum til þátttöku í almenna útboðinu. Skulu hinir nýju hlutir seldir að hámarki á sama gengi og boðið verður í lokaða útboðinu samkvæmt staflið a í þessari grein. Í aðdraganda útboðsins verður birt lýsing. Kostnaður félagsins vegna hlutfjárhækkunarinnar og skráningar hennar er áætlaður kr. 50.000.000. Kostnaður vegna hins almenna útboðs og lýsingar verður greiddur samkvæmt reikningi.*

Heimild til stjórnar um hlutafjárhækkun

Hlutirnir tilheyra sama hlutaflokki og annað hlutafé í félaginu. Um hömlur á viðskipti með hina nýju hluti og skyldu til innlausnar gilda samþykktir félagsins og gildandi lög. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Stjórn getur sett nánari reglur um sölu hlutanna. Heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar samkvæmt þessari málsgrein fellur niður 1.12.2019 að því marki sem hún er þá enn ónotuð.“

Fyrirvari

Kynning þessi er einungis til upplýsinga. Upplýsingar í þessari kynningu eru grundvallaðar á gögnum frá Icelandair Group hf. (“félagið”) og opinberum gögnum. Upplýsingar sem nýttar eru í þessari kynningu eru byggðar á heimildum sem félagið telur vera áreiðanlegar. Félagið getur ekki ábyrgst að upplýsingar í kynningu þessari og ályktanir dregnar af slíkum upplýsingum séu réttar. Slík ábyrgð er hér með undanskilinn. Upplýsingar og skoðanir í þessari kynningu eru háðar breytingum, uppfærslum og endurskoðun sem kann að fela í sér breytingar á þeim upplýsingum sem er að finna í kynningu þessari. Allar spár og áætlanir í kynningu þessari eru háðar óvissu og áhættuþáttum, sem innifela meðal annars breytingar á markaðsaðstæðum, fjárhagslegum þáttum eða pólitísku umhverfi. Félagið hefur ekki lagt mat á réttmæti þessara upplýsinga með sjálfstæðum könnunum. Í kynningu þessari felst ekki ráðlegging af hálfu félagsins um að láta verða af fjárfestingu á grundvelli hennar.